



Öryggi í ferðum

Allar ferðir út fyrir Reykjavík á vegum JH og JVD eiga að vera skráðar í [skráningarform JH](#) og skal áhættumat fylgja.

- Gera skal áhættumat fyrir allar vettvangsferðir. Þar þarf að greina hugsanlega áhættu á vettvangi og tilgreina fyrirbyggjandi aðgerðir og nauðsynlegan öryggisbúnað. Við vettvangsvinnu skal daglega fara yfir stöðu öryggismála, hugsanlegar hættur við störf dagsins metnar og fyrirbyggjandi ráðstafanir gerðar.
- Tryggja þarf að meðal þátttakenda í vettvangsferðum sé/séu starfsmaður/starfsmenn með grunnþjálfun í skyndihjálpi og lágmarks skyndihjálparbúnaður.
- Ef nemendur eru með í vettvangsferðum verður að tryggja að þeir séu aldrei einir við vinnu utan alfaraleiða.
- Slys og óhöpp skal tilkynna til starfsmannasviðs HÍ. Einnig ber að tilkynna verkefnastjóra, tæknimönnum eða næsta yfirmanni um slysið eða óhappið, sem og skemmdir á útbúnaði í vettvangsferðum. Mikilvægt að fara yfir hvað fór úrskaiðis og hvernig sé hægt að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.
- Fyrir lengri ferðir og ferðir utan alfaraleiða skal skilja eftir áætlun um samskipti hjá verkefnisstjóra eða öðrum samstarfsmanni. Verkefnisstjóri eða samstarfsmaður sem sérstaklega er falið það verkefni, ber ábyrgð á því að halda sambandi við ferðahópinn og á að bregðast við ef samband rofnar eða hópur tilkynnir sig ekki á réttum tíma.
- Að vetrarlagi er óheimilt að starfsmenn fari einir í ferðir inn á hálendi eða um svæði utan vega sem allajafna er haldið opnum á vetrartíma („rauðar ferðir“). Starfsmönnum er óheimilt að fara einir í jöklaferðir á öllum tímum árs.
- Í allar ferðir út fyrir alfaraleiðir, svo sem jöklaferðir og ferðir inn á hálendi eða til fjalla séu höfð meðferðis nægilega góð fjarskiptatæki (talstöð, tetra, NMT, gervihnattasími) til að ferðamenn geti látið vita af sér.
- Heimild til að aka jeppum JH í ferðalögum er háð því að viðkomandi starfsmenn hafi kynnt sér þann búnað sem í þeim er.
- Til að fá að aka breyttum bílum JH í ferðalögum þurfa starfsmenn auk almennrar kynningar að hafa farið í gegnum kynningu á sérstökum búnaði þessara bíla (loftdæla, þrýstingur í dekkjum, driflæsingar, skriðgír, spil, blakkir, dráttartóg, loftpúðar ef það á við, GPS, o.s.frv.) hjá umsjónarmönnum bifreiða JH.
- Verkefnisstjórar bera ábyrgð á því að þeirra undirmenn og framhaldsnemar fylgi ofangreindum reglum.
- Reglurnar gilda um alla þá sem starfa við stofnunina, stunda þar nám eða hafa þar starfsaðstöðu, óháð ráðningarformi.



Field safety regulations

All FES and IES field trips/excursions outside the greater Reykjavík area should be registered in our [field safety system](#), accompanied by risk assessment.

- Risk assessment needs to be carried out in advance of all field activity. It needs to evaluate all possible risks/hazards and list preparatory measures and safety equipment brought in the field. During field activity, daily risk assessments should be done and acted upon.
- It is imperative that at least one participant has training in first-aid response, and that first-aid equipment is easily accessible.
- Student participants in field activity should never work or travel alone.
- Any accidents need to be reported to University of Iceland division of human resources as well as project manager at FES/IES. Damages to field equipments need to be reported. Post-field work debriefings need to be carried out to prevent similar future incidents.
- For longer field trips, glacier expeditions and all work off the beaten track field parties need to have appropriate communication equipments (radio, tetra, NMT, satellite phones) and plan for regular communication with project leader or collaborator at FES/IES. Failure to make regular contact will call for search and rescue action.
- Staff is not allowed to work alone in the highlands during winter closure of highland roads. It is strictly forbidden to enter glaciers alone at any time during the year.
- Permit to use/drive the IES jeeps is dependant on familiarity of the driver with the vehicles special equipments.
- Before usage of the modified 4x4 vehicles, the driver needs to have gone through special training by IES technicians.
- Project leaders have the responsibility to make sure staff and students follow these safety regulations
- The field safety regulations apply to all permanent staff of FES and IES, as well as students and guest scientists that participate in field activity.